

Fimmtudaginn 24. janúar 1963.

Nr. 8/1962. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**  
(Ragnar Jónsson hrl.)  
gegn  
**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna**  
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu  
dómendur.

Skorið úr deilu um gildi kjarasamnings á sildveiðum.

### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna með stefnu, dags. 17. október f. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. að dæmt verði, að reikningsskil við stýrimann og báða vélstjóra á m/s Auðunni G.K. 27 skuli fara eftir kjarasamningi málsaðilja frá 14. febrúar 1961 og vera byggð á skiptagrundvelli þeim, sem um er samið í kjarasamningi, dags. 13. júní 1958 með breytingum frá 15. maí 1959, milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og „Sjómannasamtakanna innan A. S. Í.“
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. febrúar 1961 var undirritaður samningur milli aðilja máls þessa um kaup og kjör yfirmanna á fiskibátafлотanum. Í samningi þessum er m. a. um það samið, að 1. stýrimaður og 1. vélstjóri skuli hafa í kaup 1½ laun háseta og kr. 250.00 á mánuði, og 2. stýrimaður og 2. vélstjóri 1¼ laun háseta og kr. 250.00 á mánuði.

Þegar þessi samningur var gerður var í samskiptum verkalýðs- og sjómannafélaganna annars vegar og útvegsmanna hins vegar, að undanskildum Vestmannaeyjum og

á Vestfjörðum, farið eftir kjarasamningi, dags. 13. júní 1958 með breytingum dags 15. maí 1959. Í þessum samningi (frá 13. júní 1958) var svo mælt, að þótt hann væri gerður og undirritaður sameiginlega fyrir öll þau félag, er að honum standa, skyldi hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili. Þessum samningum sagði stefndi upp í marz 1961, en sú uppsögn var dæmd ógild, sbr. dóm Félagsdóms 6. júní 1962 í málinu nr. 2/1962. En jafnhliða þeirri uppsögn, sem ógild var dæmd, hafði Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar sagt nefndum samningum upp gagnvart Sjómannafélagi Hafnarfjarðar og eru málsaðiljar samsaga um það hér fyrir dómi, að sú uppsögn hafi verið gild að því er síðastnefnd félög varðar.

Með bráðabirgðalögum frá 24. júní 1962, sem sett voru til lausnar síldveiðideilu þeirri, sem þá stóð yfir, er svo mælt, að gerðardómur skuli ákveða kaup og kjör skipverja á sumarsíldveiðunum 1962, ef samningar takist ekki. Og þar sem svo fór, ákvað gerðardómur með úrskurði 25. júlí s.l., hvaða kjör skyldu gilda við ráðningu háseta á skip, sem gerð voru út til síldveiða s.l. sumar, enda væru kaup og kjör ekki samningsbundin.

Hinn 10. maí 1962 hafði stefndi sagt upp áðurnefndum kjarasamningi milli aðilja máls þessa, dags. 14. febr. 1961, en með dómi Félagsdóms 26. júlí f. á. var sú uppsögn dæmd ógild og gilti samningurinn því áfram á síldveiðunum á liðnu sumri. Kom af þeim ástæðum ekki til kasta gerðardómsins, að ákveða kjör félagsmanna stefnanda.

M/b Auðunn G.K. 27 var gerður út af h.f. Ásum í Hafnarfirði á síldveiðar s.l. sumar. Var lögskráð á skipið 24. júní f. á. „samkvæmt væntanlegum samningum L. Í. Ú. og stéttarfél. sjómanna“, en eigandi m/s Auðuns er talinn vera félagi í Landssambandi isl. útvegsmanna.

Við reikningsskil til stýrimanns og vélstjóra að lokinni vertíð miðaði útgerðin aflahlut þeirra við það margfeldi af aflahlut hásetanna, sem framangreindur kjarasamningur málsaðilja frá 14. febr. 1961 kveður á um, og

var þá miðað við hásetahlut, eins og hann varð samkvæmt úrskurði gerðardómsins.

Við þessa reikningsskilaaðferð vill stefnandi ekki una.

Telur hann að margfeldi stýrimanns og vélstjóra samkvæmt nefndum kjarasamningi þeirra eigi að miðast við hásetahlut, eins og hann hefði orðið samkvæmt kjarasamningum háseta og stefnda frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959, sem í gildi hefðu verið, þegar aðiljar þessa máls sömdu sin í milli um kaup og kjör í febrúar 1961. Kveður stefnandi, að hásetasamningurinn hafi legið fyrir við þá samningsgerð málsaðilja, og um það verið samið, að miða við þau kjör háseta, sem þá voru bundin samningi. Sé því óheimilt nú, að leggja til grundvallar, að samningsaðiljar hafi þá ætlazt til, að miðað yrði við kjör, sem ákveðin væru með annarlegum hætti, svo sem gerðardómi. Ljóst sé af ákvæðum gerðardómsins, að hann taki ekki til kjara skipstjóra, stýrimanns og vélstjóra. Samkvæmt úrskurði gerðardómsins lækki kaup háseta hins vegar frá því sem áður var, en þar sem umsamin kjör hafi verið lágmarkskjör, sé hvorki heimilt að færa þau til lækkunar með skýringu, er miðist við eftirfarandi atburði, né heldur með öðrum hætti.

Þessum rökstuðningi og málsútlitun hefur stefndi eindregið mótmælt. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að þar sem kjör vélstjóra og stýrimanns séu ákveðin sem tiltekið margfeldi af hásetahlut, beri að miða við hásetahlutinn eins og hann verði á hverjum tíma. Bendir hann í því sambandi á það, að kjör háseta hafi verið mismunandi á ýmsum þeim stöðum, sem kjarasamningur aðilja frá 14. febr. 1961 náði til, og auk þess komi það iðulega fyrir, að breytingar séu gerðar á kjörum háseta, sem sjálfkrafa hafi breytt kjörum yfirmanna vegna afstöðu samnings þeirra til kjarasamninga hásetanna. Nú hafi samningur sjómanna og útvegsmanna í Hafnarfirði verið fallinn niður fyrir uppsögn, þegar skráð var á m/b Auðunn 24. júní. Með því hafi grundvellingum, sem lagður var með hásetasamningnum frá 13. júní 1958, verið kippt burtu, en í stað hans komið sá grundvöllur, sem væntan-

legur kjarasamningur legði, svo sem til væri vísað með ráðningarkjörum þeim, sem tilgreind voru við lögskráninguna. Samningar hafi að vísu ekki tekizt, en í þeirra stað hafi komið úrskurður gerðardómsins, sem bráðabirgðalög nr. 84/1962 mæli fyrir um, að vera skuli jafngildi þess, að kjörin hefðu verið ákveðin með samningi. Beri því að leggja kaup og kjaraákvæði hans að því er hásetana varðar, til grundvallar reikningsskilum stýrimanna og vélstjóra á framangreindum bát, m/b Auðunni, er finna skal, við hvaða grunntölu miða eigi umsamið margfeldi nefndra yfirmanna samkvæmt kjarasamningnum frá 14. febrúar 1961.

Svo sem að framan greinir, er það ágreiningslaust í máli þessu, að kjarasamningurinn frá 13. júní 1958 hafi verið fallinn niður fyrir uppsögn í Hafnarfirði. Þar sem málum var svo háttað ber að leggja til grundvallar þau kjör, sem lögskráningin 24. júní 1962 benti til, en það var, eins og lýst hefur verið, þau kjör, sem um yrði samið í væntanlegum samningi sjómanna og útvegsmanna. Brýtur þessi skýring eigi í bág við kjarasamning aðilja frá 14. febr. 1961, því hann miðast eigi við hásetakjör samkvæmt ákvæðum tiltekins samnings, heldur tiltekur hann aðeins laun yfirmanna sem ákveðið margfeldi af kaupí hásetanna. Geta samningar þeirra síðarnefndu þannig breytt kjörum yfirmannanna, til hækkunar eða lækkunar, án þess að þeir síðarnefndu geti haft áhrif á það fyrir en með uppsögn síns eigin samnings. Nú tókust eigi samningar um sildveiðina s.l. sumar milli sjómannafélags Hafnarfjarðar og eigenda og útgerðar m/b Auðuns. Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 84/1962 kom þá úrskurður gerðardómsins, er skipaður var í samræmi við þau lög, í stað samnings milli aðilja, og tók, eins og á stóð, gildi sem um kjarasamning væri að ræða, að því er varðaði kaup og kjör hásetanna á nefndum bát á s.l. sumarsildveiðum. Var stefnda samkvæmt því rétt að leggja hásetahlutinn á m/b Auðunni G.K. 27 til grundvallar reikningsskilum við stýrimann og vélstjóra á sama bát á nefndum veiðum. Ber samkvæmt því að taka sýknukröfu hans til greina.

Eftir þessum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

**Dómsorð:**

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. febrúar 1963.

Nr. 1/1963. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Jóns á Stapa S. H. 215** (Egill Sigurgeirsson hrl.)  
 gegn  
**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Víglundar Jónssonar og Tryggva Jónssonar**  
 (Páll S. Pálsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Breyting á rúmlestatölu skips eftir að skipshöfn var afskráð eigi taíin hafa áhrif á hlut skipverja á næstliðinni sildarvertíð.

**Dómur:**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 10. janúar þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Jóni á Stapa S.H. 215 gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Víglundar Jónssonar og Tryggva Jónssonar, Ólafsvík. Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að